



Alþingi
Erindi nr. Þ 132/242
komudagur 29.11.2005

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi félagsmálanefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 29. nóvember 2005

0511458SA PS/sp
Tilv.: 241

Efni: Umsögn um frumvarp til breytingu á lögum um húsnæðismál

Vísað er til frumvarps til laga um breytingu á lögum um húsnæðismál nr. 44/1998 með síðari breytingum, 343. mál.

Meðfylgjandi er umsögn sambandsins um frumvarpið.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Þórður Skúlason
framkvæmdastjóri

Samrit: Umsögn um frumvarp til breytingu á lögum um húsnæðismál



Umsögn

Málsnr.: 0511458SA

Dags.: 29. nóvember
2005

Sambands íslenskra sveitarfélaga

Tilv.: 241/TFV

um frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsnæðismál nr. 44/1998, með síðari breytingum, 343. mál 132. löggjafarþings

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur kynnt sér efni frumvarps til laga um breytingu á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum.

Efni frumvarpsins er tvíþætt. Í 1. gr. þess er lagt til að við útreikning á rekstrarframlögum til sveitarfélaga vegna hallareksturs félagslegra leiguíbúða skuli framvegis tekið tillit til tekjumöguleika sveitarfélaga og nýtingar þeirra á tekjustofnum. Afleiðing þessa er í raun sú að framlög til einstakra sveitarfélaga sem búa við halla á rekstri félagslegra leiguíbúða, en standa fjárhagslega vel að öðru leyti, geta lækkað. Sambandinu er kunnugt um að samkomulag var um þessa tillögu í ráðgjafarnefnd um varsjóð viðbótarlána, en þar á sambandið þrjá fulltrúa.

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að varsjóði húsnæðismála verði heimilað að auka rekstrar- og söluframlög vegna félagslegra íbúða í eigu sveitarfélaganna og aðstoða við úreldingu þeirra. Var sjóður viðbótarlána er í eigu og á ábyrgð sveitarfélaga. Þessi grein frumvarpsins er að fullu leyti í samræmi við niðurstöðu tekjustofnanefndar frá 17. mars 2005.

Sambandið mælir með samþykkt frumvarpsins.

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Þórður Skúlason
framkvæmdastjóri